



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 4. desember, 2015

Ákvörðun nr. 32/2015

### **Samruni Skinneyjar–Þinganes hf. og Auðbjargar ehf.**

#### **I.**

##### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 29. september 2015 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna kaupa Skinneyjar-Þinganes hf. (hér eftir Skinney-Þinganes) á öllu hlutafé í Auðbjörgu ehf. (hér eftir Auðbjörg). Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Samkvæmt samrunaskrá er eðli samrunans með þeim hætti að Skinney-Þinganes mun verða eigandi alls hlutafjár í Auðbjörgu og þar með öðlast yfirráð yfir fyrirtækinu í skilningi samkeppnislaga. Um sé að ræða tilkynningarskyldan samruna skv. samkeppnislögum. Ekki sé ráðgert að svo stöddu að sameina félögin í skilningi félagaréttarins.

Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. opinberra gagna frá Fiskistofu um hlutdeild aðila á markaði fyrir veiðar á humri en hlutdeild samrunaaðila mun verða hvað mest í þeirri tegund veiða í kjölfar samrunans. Með bréfi til samrunaaðila, dags. 19. október 2015, aflaði Samkeppniseftirlitið nánari gagna um veiðar og sölu þeirra á humri og humarafurðum. Meðal annars var aflað upplýsinga um sölu og dreifingu samrunaaðila á humar innanlands. Svör samrunaaðila bárust með bréfi, dags. 23. október 2015.

Samkeppniseftirlitið aflaði umsagna um samrunann frá milliliðum í sölu á humar á innanlandsmarkaði með bréfum, dags. 19. október 2015. Umsögn barst frá einum aðila. Með bréfum, dags. 19. október 2015, aflaði Samkeppniseftirlitið jafnframt umsagna frá keppinautum samrunaaðila í veiðum, vinnslu og sölu á humar og humarafurðum. Með bréfunum var jafnframt óskað eftir tilteknum tekju- og hlutdeildar upplýsingum. Þau fyrirtæki sem svöruðu upplýsingabeiðninni gerðu ekki athugasemdir við samrunann.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2015, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að tilefni væri til frekari rannsóknar samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

#### **II.**

##### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr.



samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í þessu tilviki kaupir Skinney-Þinganes allt hlutafé í Auðbjörgu, er því um að ræða samruna í skilningi b. liðar framangreinds ákvæðis.

Skinney-Þinganes er að mestu í eigu fjögurra einstaklinga. Aðrir hluthafar eiga um 34% af hlutafé fyrirtækisins. Skinney-Þinganes á dótturfélagið Vigur ehf. útgerðarfélag sem á tvo báta sem gerðir hafa verið út samkvæmt krókaflamarkskerfinu. Skinney-Þinganes á jafnframt dótturfélagið Selbakka ehf. sem á og rekur kúabú á jörðunum Flatey og Einholti á Mýrum. Skinney-Þinganes á hluti í hlutdeildarfélagunum Icelandic Pelagic ehf. sem er sölufyrirtæki og Ajtel Iceland ehf. sem annast niðursuðu á fisklifur.

Samkvæmt samrunaskrá var Skinney-Þinganes stofnað árið 1999 við samruna þriggja fyrirtækja, Borgeyjar hf., Skinneyjar hf. og Þinganes ehf. Félagið á og gerir út tvö uppsjávarveiðiskip, tvö togveiðiskip og þrjú fjölveiðiskip sem geta verið á netum, snurvoð og trolli. Félagið á og rekur á Hornafirði bæði frystihús og fiskvinnslu og einnig fiskimjolsverksmiðju, sem einkum tekur við afskurði frá vinnslulínunum en einnig umframafra uppsjávarfiska, þegar svo ber undir. Tilgangur Skinneyjar-Þinganes, eins og hann er nú skilgreindur í samþykkuðum félagsins er matvælaframleiðsla í víðasta skilningi, þ.m.t. útgerð, fiskvinnsla, rekstur bújarða o.fl. Hluthafar eru nú rétt tæplega 150 og starfsmenn 240 - 260, þar af ca. 90 sjómenn á sjö skipum.

Í samrunaskrá kemur fram að Auðbjörg var stofnuð haustið 1970 og hefur frá byrjun verið með starfsemi í Þorlákshöfn og að mestu einbeitt sér að útgerð, humar- og saltfiskvinnslu. Hjá Auðbjörgu hafi starfað á bilinu 50-120 starfsmenn til sjós og lands, eftir umfangi hverju sinni. Félagið geri út tvö skip í dag. Það séu Arnar ÁR-55 sem sé á dragnóta- og humarveiðum og Ársæll ÁR-66 sem gert sé út á humar- og netaveiðar. Félagið á og rekur í Þorlákshöfn bæði frystihús og saltfiskvinnslu í tveimur aðskildum húsum. Tilgangur Auðbjargar ehf. eins og hann er nú skilgreindur í samþykkuðum félagsins er að reka útgerð fiskiskipa, fiskverkun, rekstur fasteigna og annan skyldan atvinnurekstur og jafnframt viðskipti með fjármálagerninga.

Í samrunaskrá er fjallað um markmið samrunans. Skinney-Þinganes ráðgerir að halda áfram rekstri í Þorlákshöfn og ekki sé fyrirhugað að segja upp fólki í landvinnslu að svo stöddu. Verði af samrunanum muni verða hugað að betri samnýtingu sameinaðs fiskiskipaflota. Líkur séu á því að starfsemin í Þorlákshöfn muni styrkjast umtalsvert við umrædda breytingu á eignarhaldi, ef til hennar kemur. Leiði það af legu hafnarinnar gagnvart fiskimiðunum og góðum og greiðum flutningaleiðum á sjó og landi. Skinney-Þinganes geti þannig auðveldlega dreift landvinnslu á álagstímum eftir þörfum markaðarins og tegundum afla og með því náist betri hagkvæmi í rekstri sínum, sem sé keppikefli sérhvers félags. Nánari útfærsla samrunans bíður hins vegar þangað til ljóst verður endanlega hvort af kaupum verður.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hvorki breyta eða raska hagsmunum neytenda né milliliða og hafi því ekki í för með sér neikvæð áhrif. Auðbjörg muni áfram verða rekið sem sjálfstætt fyrirtæki en verða í eignarhaldi Skinneyjar-Þinganes.



### III. Niðurstaða

#### 1. Um markaði málsins

Við mat á samruna skv. samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

Með tilkynningu um samrunann fylgdu upplýsingar frá Fiskistofu um hlutdeild samrunaaðila og hlutdeild 50 stærstu útgerða á Íslandi í aflaheimildum. Samkvæmt þessum upplýsingum er hlutdeild samrunaaðila í afla helstu tegunda minni en 20% í öllum tilvikum nema humar. Samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er einni útgerð óheimilt að ráða yfir meira en 12% af aflahlutdeild í þorski og 20% af aflahlutdeild í öðrum algengum tegundum. Þó er einni útgerð heimilt að ráða yfir allt að 35% af aflahlutdeild í karfa.<sup>1</sup>

Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að einkum þrír markaðir komi til skoðunar vegna samrunans, þ.e.:

- markaður fyrir kaup og sölu aflahlutdeilda
- markaður fyrir veiðar, vinnslu og sölu botnfisks og
- markaður fyrir veiðar, vinnslu og sölu uppsjávartegunda

Í ljósi takmarkaðrar hlutdeildar samrunaaðila í öðrum tegundum en humri telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þá markaði og stöðu samrunaaðila á þeim. Um skilgreiningu þessara markaða að öðru leyti vísast til fyrri umfjöllunar samkeppnisyrvalda.<sup>2</sup>

Af framangreindum upplýsingum sem fylgdu samrunatilkynningu var ljóst að sameiginleg hlutdeild samrunaaðila myndi verða mest í humar líkt og áður kemur fram. Í því ljósi, líkt og áður er komið fram, sótti Samkeppniseftirlitið ítarlegri upplýsinga um þann markað frá samrunaaðilum, keppinautum þeirra í humarútgerð og innlendum milliliðum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur til álita að skilgreina sérstakan markað fyrir veiðar, vinnslu og sölu á humarafla, enda verður að telja ólíklegt að staðganga sé á milli humars og annarra fisktegunda sem veiddar eru við strendur Íslands. Að mati Samkeppniseftirlitsins kunna einnig að standa rök til þess að skilgreina sérstakan markað fyrir sölu á humar og humarafurðum innanlands. Landfræðileg afmörkun þess markaðar myndi vera landið allt. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina markaðinn með ítarlegri hætti.

---

<sup>1</sup> Í greininni er jafnframt að finna 2% prósentu reglu. Ef tiltekin tegund nemur 2% eða meira af heildaraflamarki allra tegunda má einstök útgerð ekki ráða yfir meira en 20% af heildaraflamarki viðkomandi tegundar.

<sup>2</sup> Sjá einkum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Hugin ehf.*



## 2. Mat á áhrifum samrunans

Í umsögnum sem bárust um samrunann komu fram áhyggjur af því að samruninn kunni að leiða til þess að aðgengi að humri á innanlandsmarkaði kunni að dragast saman þar sem aðrir milliliðir en Humarsalan ehf. hafi ekki átt aðgang að hráefni frá Skinney-Þinganes.

Í samrunaskrá kemur fram að árin 2012-2014 hafi takmarkaður hluti af heildarverðmæti humarafla Skinneyjar-Þinganes farið á innanlandsmarkað. Sölu innanlands sé þannig hagað að Skinney-Þinganes sjái um sölu á nærmarkaði og til 2-3 stórnotenda. Humarsalan sjái hins vegar um sölu á smásölumarkaði, m.a. til veitingahúsa og stórmarkaða. Á heimasíðu Humarsölnunnar kom eftirfarandi fram um samning fyrirtækisins við Skinney-Þinganes:

*„Á haustdögum 2006 gekk Humarsalan frá viðamiklum einkasölusamningi við Skinney Þinganes á Hornafirði. Humarsalan býður því eingöngu hæsta klassa hráefni frá öflugustu humarútgerð landsins.“<sup>3</sup>*

Í svörum Skinneyjar-Þinganes við upplýsingabeiðni eftirlitsins kom fram að þessi fullyrðing á heimasíðu Humarsölnunnar, sem hefur verið fjarlægð, sé röng. Það réttu sé að engir skriflegir samningar hafi verið gerðir á milli Humarsölnunnar og fyrirtækisins. Humarsalan hafi hins vegar um nokkurra ára skeið keypt humar frá Skinney-Þinganes til endursölu til viðskiptavina sinna á höfuðborgarsvæðinu. Humarsalan vinni þannig á markaði nákvæmlega með sama hætti og erlendir viðskiptavinir Skinneyjar-Þinganes gera, þ.e. kaupir í stóru magni og endurselur í smáum einingum. Tekið er fram að Skinney-Þinganes hafi ekki talið það hentugt né eftirsóknarvert að selja humar í smáum einingum eða í smásölu þó frá því kunni að vera smávægileg frávík, einkum til heimamanna.

Enn hafi ekki verið gerðar áætlanir um sölu humarafurða á innanlandsmarkað ef af kaupum Skinneyjar-Þinganes á Auðbjörgu verður. Þó liggi fyrir að Auðbjörg muni ekki gera samning við Humarsölnuna.

Líkt og fram hefur komið aflaði Samkeppniseftirlitið ítarlegra upplýsinga um hlutdeild útgerða í veiðum, vinnslu og sölu á humri. Meðal annars var aflað upplýsinga um sölu á humarafurðum annars vegar á innanlandsmarkað og hins vegar á erlenda markaði. Samkvæmt þeim upplýsingum er samanlögð hlutdeild samrunaaðila ekki hærrí en 30-35% miðað við þrengri markaðsskilgreiningar.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

---

<sup>3</sup> <http://www.humarsalan.is/> (Skoðað 9. október 2015). Þessi tilvitnun af heimasíðu Humarsölnunnar hefur nú verið tekin út; Sjá um einkasölusamninga t.d. leiðbeinandi reglur ESA eftirlitsstofnunar EFTA um lóðréttar hömlur, 2012/EES/65/01, mgr. 193. „Einkasölusamningar njóta undanþágu samkvæmt hópundanþágureglugerðinni svo fremi sem markaðshlutur birgis og kaupanda hvors um sig er innan 30% markanna, jafnvel þótt beitt sé samhliða öðrum lóðréttum hömlum sem teljast ekki harkalegar, svo sem skuldbindingu til að taka ekki þátt í samkeppni.“



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Skinneyjar-Þinganes hf. á öllu hlutafé Auðbjargar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson